

Gróður og fuglalíf í nágrenni fyrirhugaðs Arnarnesvegar á Innnesjum

**Kristbjörn Egilsson, Regína Hreinsdóttir
og Kristinn Haukur Skarphéðinsson**

Unnið fyrir Vegagerðina

NÍ-02012

Reykjavík, júlí 2002



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 GRÓÐUR	3
3.1 Gróðurfélög á áhrifasvæði fyrirhugaðs Arnarnesvegar	3
3.2 Bersvæðisgróður og annað lítt eða ógróið land	4
3.3 Gróðurfur á fyrirhuguðu vegstæði Arnarnesvegar	4
3.4 Flóra	7
4 FUGLAR	8
5 NÁTTÚRUMINJAR	9
6 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á GRÓÐUR OG FUGLALÍF	10
6.1 Áhrif framkvæmdar á gróður	10
6.2 Áhrif framkvæmdar á flóru	10
6.3 Áhrif framkvæmdar á fuglalíf	10
7 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR	10
8 RITASKRÁ	11
9 VIÐAUKAR	12
1. viðauki. Flóra á fyrirhuguðu vegstæði Arnarnesvegar	12
KORT	
1. kort. Gróðurkort. Arnarnesvegur	5

1 INNGANGUR

Í bréfi dagsettu 23. apríl 2002 fór VSÓ-ráðgjöf þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrir hönd Vegagerðarinnar, að stofnunin tæki að sér að afla upplýsinga um gróðurfar og fuglalíf vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Arnarnesvegar milli Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar.

Rannsóknirnar fólust í gerð gróðurkorts, skráningu háplanta og úttekt á fuglalífi (varp-fuglafánu) á áhrifasvæðum fyrirhugaðra framkvæmda. Vettvangsvinna vegna rannsóknanna fór fram í júní 2002. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Vegagerðarinnar var Stefán Gunnar Thors hjá VSÓ-ráðgjöf.

2 STAÐHÆTTIR

Rannsóknasvæðið er sunnan við byggðina í Linda- og Salahverfi í Kópavogi og suðaustan við Seljahverfi og Fellahverfi í Reykjavík. Að austurhluta vegstæðis liggja lág holt; Vatnsendahvarf og Rjúpnahæð, og vesturhlutinn liggur síðan um Hnoðraholt. Landið einkennist því af lágum ásum með grunnum lægðum á milli.

Áætluð lengd vegarins er 4,3 km. Gert er ráð fyrir að hann liggja rétt ofan byggðarinnar í Lindahverfi og að hluta til um veg sem þar er fyrir. Um 1,3 km vegarins liggja um byggingasvæði syðst í Salahverfi sem er þegar mjög raskað og er merkt *byggð og byggingasvæði* á meðfylgjandi gróðurkort. Þaðan mun vegurinn liggja ofan Seljahverfis, en neðan núverandi vegar um Vatnsendahvarf, að Breiðholtsbraut. Þá er gert ráð fyrir tengingu vegar um Hörðuvelli.

3 GRÓÐUR

Svæðið var kortlagt 1986 og gefið út gróður- og jarðakort af því 1988. Gróðurkortin voru teiknuð á myndkort frá Ísgrafi ehf. sem gert var eftir loftmyndum frá Loftmyndum ehf. sem teknar voru 1999 og endurskoðuð á vettvangi í júní 2002. Gróður- og landgreiningin á gróðurkortunum er að mestu leyti byggð á flokkunarlykli hefðbundinna gróðurkorta en þar er gróður flokkaður eftir ríkjandi tegundum (Steindór Steindórsson 1981).

Gengið var eftir fyrirhugaðri veglínu og um næsta nágrenni hinn 26. júní 2002 og háplöntutegundir skráðar. Auk þess voru notuð við skýrslugerðina þau gögn um útbreiðslu háplantna á svæðinu sem til eru í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

3.1 Gróðurfélög á áhrifasvæði fyrirhugaðs Arnarnesvegar

Mosagróður (A) er nokkuð algengur í hlíðum Rjúpnahæðar. Hann er einnig á allnokkru svæði beggja vegna Breiðholtsbrautar en sunnan við hana er hann frekar gisinn eða með um 50% þekju. Mosagróðurinn flokkast allur undir gróðurfélagið *mosi með smárunnum* (A4). Svæðið er einnig flétturíkt, einkum grjótið sem er þakið hrúðurfléttum.

Lyngmói (B) er algengur um allt svæðið og má segja að hann sé einkennandi fyrir gróðurfarið. Í Vatnsendahvarfi ofan Seljahverfis er mest áberandi *beitilyng*, *sortulyng* og *krækilyng* (B5) og *bláberjalyng*, *krækilyng* og *víðir* (B7) með 75–100% þekju. Sumstaðar er þetta gróðurfélag nokkuð grasríkt. Þá er *beitilyng*, *krækilyng* og *bláberjalyng* (B4) víða að finna en ásamt *beitilyngi*, *sortulyngi* og *krækilyngi* (B5) þekur það stóran hluta norður-

hlíðar Rjúpnahæðar. Gróðurfélagið *holtasóley*, *krækilyng* og *víðir* (B6) hefur nokkra útbreiðslu suður af Lindahverfi en gróðurþekja þess er frekar gisin eða um 50%. Gróðurfélagið *krækilyng* og *víðir* (B3) kemur einnig fyrir en þekja þess er sömuleiðis um 50%. Lyngmóinn er víða flétturíkur. Einkum eru það runnafléttur sem eru áberandi t.d. tegundir af ættkvíslunum *Cladonia* og *Cetraria*.

Víðimói (D) sem slíkur finnst ekki á þessu svæði, en gróðurfélögin *grávíðir* og *krækilyng* (D1) og *grávíðir* og *loðvíðir* (D3) koma þó fyrir á þremur litlum svæðum við Vatnsendahvarf í blönduðum gróðurfélögum með graslendi.

Graslendi (H) er víða að finna og er þá annars vegar um að ræða flokkinn *grös* (H1) sem er til dæmis algengur á Hörðuvöllum með 50–75% þekju og hinsvegar *grös með smárunnum* (H3) sem er oftast með 100% gróðurþekju og einkum að finna í nánd við gróðurfélög lyngmóa. Flokkurinn *grös* (H1) er oft illgreinanlegur frá *ræktuðu graslendi* (R5) þar sem gróðurlítið land eða náttúrlæg gróðurlendi hafa breyst í graslendi vegna áburðargjafar með eða án sáningar.

Blómlendi (L) er bundið við *alaskalúpínu* (L3) og er hana að finna mjög víða í smáum og stórum breiðum.

Ræktað land (R) er áberandi. *Tún í góðri rækt* (R2) eru á Vatnsendahvarfi og Rjúpnahæð. Meðfram vegum og vegaslóðum er víða að finna *ræktað graslendi* (R5) sem er tilkomið vegna áburðargjafar með eða án sáningar. Þá er töluverð *skógrækt* (R6) þar sem plantað hefur verið birki, furu og lerki í hlíðum Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar.

Mýrlendi (U) er fágætt og kortlagða svæðið er allt mjög þurrt. Á Vatnsendahvarfi er þó að finna mýragróðurfélagið *mýrastör/stinnastör* og *klófífu* (U4) á litlu svæði.

3.2 Bersvæðisgróður og annað lítt eða ógróið land

Melar (me) eru norðan til í Vatnsendahvarfi og á Hnoðraholti.

Byggð, byggingasvæði og raskað land er á stórum hluta fyrirhugaðs vegstæðis.

3.3 Gróðurfur á fyrirhuguðu vegstæði Arnarnesvegar

Til að gera nokkra grein fyrir gróðurfari á fyrirhuguðu vegstæði, voru mæld þau gróðurlendi sem lenda í miðlínu vegarins. Slík mæling gefur þó aðeins grófa mynd af gróðurfari í vegstæðinu þar sem endanlegur vegur kemur til með að verða 26 metra breiður miðað við tvær 7 metra breiðar akbrautir með 6 metra ræmu á milli þeirra og 3 metra breiðar axlir.

FELLAHVERFI

Breiðholtsbraut

atnsendahvarf

rellir

ARNARNESVEGUR

Áhrifasvæði framkvæmda

Gróðurkort 1:8000

Kortio er unnið á Náttúrufræðistofnun Íslands
fyrir Vegagerðina

Lofthmyndir:

Myndkort:

Gróðurgreining:

Kortagerð:

Lofthmyndir ehf, í ágúst 2000

Ísgraf ehf 2002

Unnið á vegum Rala 1986

og endurskoðuð í júní 2002

Regína Hreinsdóttir og

Sigrún Jónsdóttir

0

500 metrar

MÆLIKVARÐI 1:8000

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS 2002

Fjallað er um veglínuna í þrennu lagi:

1. Frá vesturmörkum áhrifasvæðisins um Linda- og Salahverfi að eystri mörkum byggingasvæðis, samtals um 2400 metrar.
2. Frá ofangreindum mörkum byggingasvæðis í Salahverfi að Breiðholtsbraut, um 1900 metrar.
3. Tengivegur um Hörðuvelli.

1. Frá vesturmörkum áhrifasvæðisins liggur vegurinn í útjaðri Lindahverfis á um 350 metra kafla á manngerðu svæði þar sem nú standa meðal annars hesthús. Þá liggur hann á og við reiðgötu og veg sem liggur að byggingasvæðinu í Salahverfi og ber allt svæðið mikil merki rasks af mannavöldum. Á þessari leið er mest áberandi gróðurfélagið *beitilyng*, *krækilyng* og *bláberjalyng* (B4) með 75% þekju og er það að finna á rúmlega 400 metrum alls. Gróðurfélagið *holtasóley*, *krækilyng* og *víðir* (B6) með 50% þekju nær yfir 240 metra en af þeim er um 190 metra kafla á mörkum byggingasvæðisins í Salahverfi. Í gróðurfélaginu (B6) er þó *beitilyng* algengara en *víðir* á þessu svæði. *Alaskalúpína* (L3) er víða á svæðinu í misstórum breiðum og lendir í vegstæðinu á um 190 metrum samtals. Þá er á tæplega 80 metra kafla blandað gróðurfélag *grasa með smárunnum* (H3) og *bláberjalyngs*, *krækilyngs* og *víðis* (B7) þar sem einnig hefur verið plantað furu (R6).

Sem fyrr segir liggur stór hluti fyrirhugaðs vegar um byggingasvæði og annað raskað land. Þar af á um það bil 1,2 km löngum kafla í Salahverfi sem ekki þykir þörf á að lýsa frekar.

2. Frá Salahverfi að Breiðholtsbraut liggur vegurinn í norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs ofan byggðarinnar í Seljahverfi, alls tæplega 1900 metra leið. Þarna er að mestu mólendi sem skiptist í nokkur gróðurfélög og ná þau samtals yfir um 1100 metra fyrirhugaðs vegstæðis. Algengast er blandað gróðurfélag sem samanstendur af *beitilyngi*, *sortulyngi* og *krækilyngi* (B5) og *bláberjalyngi*, *krækilyngi* og *víði* (B7) með 75% þekju, en það er samtals á um 460 metrum. Þetta blandaða gróðurfélag er einnig á 120 metrum til viðbótar ásamt *grösum* (H1). Þá er *beitilyng*, *sortulyng* og *krækilyng* (B5) á um 290 metrum með 75% þekju og hátt hlutfall mosa eða um 50%. *Beitilyng*, *krækilyng* og *bláberjalyng* (B4) með 50–75% þekju nær yfir tæplega 160 metra og að viðbættum *grösum með smárunnum* (H3) yfir 60 metra að auki. Graslendi skiptist í *grös með smárunnum* (H3) með 75–100% þekju á nokkrum aðskildum svæðum eða tæplega 300 metrum alls og *grös* (H1) með 25% þekju á tæpum 80 metrum. Einnig koma gróðurfélögin *grös* (H1) og *loðvíðir* og *grávíðir* (D3) fyrir á 12 metra kafla. *Alaskalúpína* (L3) er víða í vegstæðinu og er hún allsráðandi á um 250 metrum en hún er, sem fyrr segir, í misstórum breiðum og blettum víða um svæðið. Þá sneiðir vegurinn horn af *túni* (R2). Meðalgróðurþekja á þessum kafla er 75–100%.

3. Tengivegurinn um Hörðuvelli liggur um töluvert grasríkara svæði. Áðurnefnt blandað gróðurfélag *beitilyng*, *sortulyng* og *krækilyng* (B5), *bláberjalyng*, *krækilyng* og *víðir* (B7) og *grös* (H1) nær yfir fyrstu 200 metrana frá tengingunni og þá taka við *grös með smárunnum* (H3) meðfram gamla veginum, alls tæpa 90 metra. *Krækilyng* og *víðir* (B3) með 50% þekju og síðan *beitilyng*, *krækilyng* og *bláberjalyng* (B4) með 75% þekju taka við næstu 80 metra og svo kemur rúmlega 200 metra breitt *graslendi* (H1) með 75% þekju. *Beitilyng*, *krækilyng* og *bláberjalyng* (B4) með 100% þekju er á um 200 metra kafla og um 80 metrar af *graslendi* (H1) að hesthúsunum.

3.4 Flóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerða lista (1. viðauki). Alls fundust 103 tegundir á rannsóknasvæðinu auk ættkvísla undafífla og túnfífla. Tegundirnar sem fundust innan rannsóknasvæðisins eru allar algengar á svæðinu nema ein; blátoppa (*Sesleria albicans*) (1. mynd).

Blátoppa er flokkuð sem sjaldgæf á landsvísu og telst vera tegund í yfirvofandi hættu (VU; vulnerable) og er hún á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).

- Blátoppa (*Sesleria albicans*) telst til grasættar. Hún er 15–60 sm á hæð og vex oft í hnúskum og liggja stráin stundum nærri flöt við jörðu. Punturinn er stuttur (1,5–2 sm), langeggla, þéttur og axleitur, fjólblár eða grágrænn. Blaðsprotarnir eru með allöngum 2–4 mm breiðum blöðum, samanbrotnum að endilöngu. Tegundin á sín aðalheimkynni á Innnesjum, einkum í mólendinu umhverfis Reykjavík, Kópavog og Hafnarfjörð. Utan þessa svæðis hefur hún aðeins fundist á einum öðrum stað á landinu, þ.e. á Fagurhólsmýri í Örfum.

1. mynd. Þekkt
útbreiðsla blátoppu,
Sesleria albicans,
á Íslandi.
© Náttúrufræðistofnun
Íslands 2002.



Blátoppa vex á fyrirhuguðu vegstæði og einnig nokkuð víða í mólendi í nágrenni þess. Vegurinn mun því fara yfir hluta af búsvæði tegundarinnar en ekki útrýma henni af svæðinu.

Sérstaklega var farið um stærra svæði en fyrirhugðum vegi er ætlað liggja yfir með það í huga að kanna nánar útbreiðslu blátoppunnar á svæðinu. Í ljós kom að tegundin er all algeng í mólendi á svæðinu utan við helgunarmörk fyrirhugaðs vegar, þar á meðal í nálægu skógræktarsvæði. Þess vegna eru ekki líkur á að tegundinni verði útrýmt af svæðinu við framkvæmdina.

Hins vegar er ljóst að blátoppa á almennt í vök að verjast á aðalútbreiðslusvæði sínu í nágrenni við byggðina hér á Innnesjum. Sífelld er verið að taka land undir byggð, vegi og aðrar framkvæmdir sem minnka kjörsvæði tegundarinnar. Mesta hættan sem að blátoppunni steðjar um þessar mundir er að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands óheft útbreiðsla alaskalúpínu á öllu svæðinu, en hún er nú sem óðast að leggja undir sig mólendið á svæðinu og kaffæra þann lágvaxna villta gróður sem þar vex.

4 FUGLAR

Fuglalíf var kannað á svæðinu 22. júní 2002. Farið var um allt vegstæðið og næsta nágrenni en þar sem stór hluti þess var verulega raskaður var ekki talin ástæða til þess að meta þéttleika fugla með nákvæmum mælingum (sniðtalningum). Auk þess var stuðst við óbirtar athuganir (KHS) frá árunum 1975–1980 og samantekt Árna Waag Hjálmarssonar (1990) um fuglalíf í Kópavogi.

4.1 Varpfuglar

Alls sáust níu tegundir fugla í júní 2002 og er talið að allar séu varpfuglar á svæðinu (1. tafla). Mófuglar eru ríkjandi og sumir þeirra eru mjög algengir, sérstaklega þúfuttlingur. Auk þess eru heimildir um varp sjö annarra tegunda frá árunum 1975–1980 en þær virðast hættar varpi. Auk mófugla verpa sílamáfar á þessum slóðum og hafa gert í áratugi en það varp virðist nú vera á síðasta snúningi. Alls er vitað um varp 16 tegunda á vegstæðinu og í næsta nágrenni.

1. tafla. Varpfuglar í og við vegstæði Arnarnesvegar.

Grágæs	Varp í Hnoðraholti frá því um 1950 og fram yfir 1980.
Stökkönd	Stöku kollur urpu í Hnoðraholti og Rjúpnahæð 1975–1980.
Æður	Stöku kollur urpu vestan í Rjúpnahæð 1975–1980.
Rjúpa	Verpa í holtunum sunnan vegstæðis og í móum við Seljahverfi.
Tjaldur	Urpu í grennd við hesthúsahverfið í Glaðheimum fram undir 1990.
Sandlóa	Eitt par í vegstæði sunnan Salarhverfis; urpu áður í Rjúpnahæð.
Heiðlóa	Algengur varpfugl í mólendi á öllu svæðinu.
Hrossagaukur	Allalgengur í mólendi á vegstæðinu.
Spói	Varp áður á svæðinu, m.a. á Rjúpnahæð.
Stelkur	Strjáll varpfugl norðvestan í Vatnsendahvarfi.
Sílamáfur	Nokkur þör verpa – hefur fækkað mikið.
Þúfuttlingur	Algengur varpfugl í mólendi á öllu vegstæðinu.
?Maríuerla	Hefur orpið og er líklegur varpfugl – sást ekki sumarið 2002.
Steindepill	Varp áður (1975–1980), m.a. norðan í Rjúpnahæð.
Skógarþröstur	Stöku fuglar verpa í vegstæði norðan Rjúpnahæðar og Vatnsendahvarfs. Sækir auk þess æti út frá Seljahverfi.
Stari	Algengur varpfugl í hverfunum umhverfis; sækir æti í móana.
?Auðnutittlingur	

Grágæsir urpu á þessum slóðum frá því um 1950 og fram yfir 1980, m.a. í Hnoðraholti en voru hættar varpi laust fyrir 1990 (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Í Hnoðraholti og Rjúpnahæð urpu stöku stökkendur á árunum 1975–1980 og sömuleiðis stöku æðarkollur. Þessir fuglar hafa síðan sennilega leitað með unga sína á Vífilsstaðavatn. Ekki varð vart við endur á svæðinu í júní 2002.

Rjúpur eru strjálir varpfuglar á þessum slóðum, einn karri sást milli Vatnsendahvarfs og Seljahverfis í júní 2002 (KE). Á árunum 1975–1980 sáust auk þess rjúpur á varptíma í Rjúpnahæð. Þar sem stofninn er í lægð um þessar mundir og athugarnir fóru fram á þeim tíma sem rjúpur hafa hægt um sig voru ekki miklar líkur á að rekast á rjúpur. Þær verpa víða í grennd við byggð í úthverfum á höfuðborgarsvæðinu og munu gera meðan land helst opið (þ.e. mólendi).

Alls hafa sex tegundir vaðfugla orpið á þessu svæði en útfærsla byggðar og ræktun hafa hrakið tvær þeirra í burtu. Heiðlóa og hrossagaukur eru enn algengir varpfuglar í mólendi

á svæðinu. Stelkar verpa í grennd við lúpínubreiðurnar milli Seljahverfis og Vatnsenda-hvarfs (1–2 pör) og sandlóupar í raskaða landinu suður af Salahverfi. Fram undir 1990 urpu nokkur sandlóupör í Rjúpnahæð (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Tjaldur og spói virðast hins vegar hætti varpi á þessu svæði. Fram undir 1990 urpu tvö tjaldspör í grennd við hesthúsahverfið í Glæðheimum og einnig nokkur spóapör í grennd við Rjúpnahæð (Árni Waag Hjálmarsson 1990).

Sílamáfar hafa orpið á þessum slóðum í rétt hálfa öld en fyrsta hreiðrið fannst skammt fyrir sunnan Elliðavatn árið 1952 (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Á árunum 1965–1968 hófu þeir varp á Rjúpnahæð og Hnoðraholti og óx það jafnt og þétt næstu áratugi. Um 1980 taldi einn höfunda þessarar skýrslu (Kristinn Haukur Skarphéðinsson) að um 40 pör yrpu á svæðinu (sbr. Árni Waag Hjálmarsson 1990) og hélst fjöldinn svipaður næstu 10 árin. Sumarið 1990 var talið að 24 pör yrpu á svæðinu Nónhæð-Leirdalur og um 30 á Rjúpnahæð (Páll Hersteinsson o.fl. 1990). Síðan hefur sílamáfum fækkað mjög vegna útpenslu byggðar. Nú virðist ekkert varp vera norðan í Rjúpnahæð en 17 fuglar sáust á moldarbingi í Leirdal í júní 2002, þar af voru a.m.k. 4 á hreiðri. Auk þess var eitt par sennilega með hreiður norðan í Hnoðraholti.

Sex tegundir spörfugla hafa orpið á svæðinu en tvær þeirra eru nú sennilega hættar varpi. Þúfuttlingur er algengastur þessara fugla og jafnframt algengasti fuglinn á svæðinu, verpur alls staðar í mólendi. Skógarpröstur verpur á nokkrum stöðum og er auk þess algengur í hinum grónari görðum í Seljahverfi og sækir æti í móana. Hið sama má segja um starann en hann hefur orpið á þessum slóðum síðan um 1970 (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Maríuerla verpur sennilega strjált en sást ekki í júní 2002. Steindepill varp áður víða í þessu holtum og var enn allalgengur laust fyrir 1990 (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Hann sást ekki sumarið 2002 enda hefur honum fækkað jafnt og þétt á höfðuborgarsvæðinu með útpenslu byggðar, framsókn alaskalúpínu og skógrækt í holtum. Snjótittlingur hefur sennilega orpið strjált á þessum slóðum fram yfir 1970 (Árni Waag Hjálmarsson 1990). Hann er algengur á svæðinu á veturna.

5 NÁTTÚRUMINJAR

Svæðið sem hér er fjallað um er ekki á Náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996).

6 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR Á GRÓÐUR OG FUGLALÍF

6.1 Áhrif framkvæmdar á gróður

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og vettvangsrannsóknnum eru ekki sjaldgæf gróðurfélög sem þörf er að vernda á fyrirhuguðu vegstæði. Gróðurfélög bera með sér að vera í nágrenni byggðar og eru til dæmis heldur grasríkari en við náttúrulegar aðstæður. Þá er mikið af ræktuðum tegundum sem berast ört um svæðið og er alaskalúpína þeirra skæðust þar sem hún fer m.a. án hindrunar yfir algróið mólendi.

6.2 Áhrif framkvæmdar á flóru

Á áhrifasvæði fyrirhugaðs Arnarnesvegar fannst ein plöntutegund, *blátoppa*, sem er flokkuð sem sjaldgæf á landsvísi og telst vera tegund í yfirvofandi hættu (VU; vulnerable) og er á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Blátoppa vex á fyrirhuguðu vegstæði og einnig nokkuð víða í mólendi í nágrenni þess. Vegurinn mun því fara yfir hluta af búsvæði tegundarinnar en ekki útrýma henni af svæðinu.

6.3 Áhrif framkvæmdar á fuglalíf

Þrátt fyrir að þessu svæði hafi verið raskað mikið er þar enn töluvert fuglalíf sem á þó í vök að verjast vegna úþpenslu byggðar og breytingar á mólendi (lúpínubreiður). Allar þær tegundir sem verpa eru algengar á landsvísi. Sú röskun sem verður vegna vegarlagningar er óveruleg samanborið við þá miklu breytingu sem stendur nú yfir á högum fugla á þessu svæði vegna byggingarframkvæmda.

Engar tegundir á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) verpa á svæðinu en hrafn er algengur gestur á vetrum.

7 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

Það svæði sem fyrirhugaður vegur liggur um er þegar mikið raskað bæði af framkvæmdum og ræktun. Allt að þriðjungur fyrirhugaðs vegstæðis eru nú markaður af safnhaugum úr byggingasvæðum í Salahverfis. Því telur Náttúrufræðistofnun Íslands að lagning fyrirhugaðs Arnarnesvegar og framkvæmdir honum tengdar muni hafa tiltölulega lítil á gróðurfur og fuglalíf svæðisins.

Sunnan vegstæðis er mólendi í örri framför en jafnframt er alaskalúpína að leggja það svæði undir sig og innan skamms verða umrædd holt þakin í þessari ágengu tegund. Blátoppa er plöntutegund á válista og mesta hættu sem að henni steðjar á þessu svæði er óheft útbreiðsla alaskalúpínu.

8 RITASKRÁ

- Árni Waag Hjálmarsson 1990. Fuglar, spendýr og sjávarfiskar. Bls. 99–150 í: Saga Kópavogs. Lionsklúbbur Kópavogs.
- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1, plöntur. 82 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2, fuglar. 103 bls.
- Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúrminjar. 7. útgáfa. Reykjavík. 64 bls.
- Páll Hersteinsson, Arnór Þ. Sigfússon og Þorvaldur Björnsson 1990. Varpstofn sílamáfs og tilraunaveiðar á máfum á Suðvesturlandi árið 1990. – Sérrit veiðistjóraembættisins nr. 1. 20 bls.
- Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. NÍ-01004. 231 bls. + kort.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir. 12,2. Bls. 11–52.

9 VIÐAUKAR

1. viðauki. Flóra á fyrirhuguðu vegstæði Arnarnesvegar

Íslensk heiti	Latnesk heiti	
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>	
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>	
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>	
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>	
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>	
Birki	<i>Betula pubescens</i>	
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	
Blátoppa	<i>Sesleria albicans</i>	Er á válista
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	
Burnirót	<i>Sedum roseum</i>	
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>	
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	
Flagasóley	<i>Ranunculus reptans</i>	
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>	
Gullkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>	
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>	
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>	
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>	
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>	
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	
Hóffifill	<i>Tussilago farfara</i>	
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymmanii</i>	
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>	
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i>	
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>	
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>	
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Týsfjóla	<i>Viola canina</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Undafíflar	<i>Hieracium spp.</i>
Væudúnurt	<i>Epilobium watsonii</i>
Vætuskúfur	<i>Eleocharis uniglumis</i>
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Brenningarfjóla	<i>Viola tricolor</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>
Samtals 103 tegundir	



FELLAHVERFI

SELJAHVERFI

LINDAHVERFI

SALAHVERFI

Hnoðraholt

GRÓÐURLYKILL

- A4 Mosi með smárunnum
- B3 Krækilyng - víðir
- B4 Beitilyng - krækilyng - bláberjalyng
- B5 Beitilyng - sortulyng - krækilyng
- B6 Holtasóley - krækilyng - víðir
- B7 Bláberjalyng - krækilyng - víðir
- D1 Grávíðir - krækilyng
- D3 Loðvíðir - grávíðir
- H1 Grös
- H3 Grös með smárunnum
- L3 Alaskalúpína
- R1 Garðlönd
- R2 Tún í góðri rækt
- R5 Ræktað graslendi
- R6 Skógrækt 1. Bartré 2. Laufré
- U4 Mýrastör/stinnastör - klófifa

AÐRAR SKÝRINGAR

- me Melar
- by Byggð, byggingasvæði og annað raskað land
- x Gróðurpekja 75%
- z Gróðurpekja 50%
- p Gróðurpekja 25%

Áhrifasvæði framkvæmda
Nýr vegur

ARNARNESVEGUR

Áhrifasvæði framkvæmda
Gróðurkort 1:8000

Kortið er unnið á Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Vegagerðina

Lofmyndir: Loftmyndir ehf, í ágúst 2000
Myndkort: Ísgraf ehf 2002
Gróðurgreining: Unnið á vegum Rala 1986 og endurskoðuð í júní 2002
Kortagerð: Regína Hreinsdóttir og Sigrún Jónsdóttir

0 500 metrar

MÆLIKVARÐI 1:8000